

---

## Malarnám í landi Spónsgerðis, Hörgársveit Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 24. maí 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá HGH verk ehf. um fyrirhugað allt að 74.000 m<sup>3</sup> malarnám í Spónsgerði í Hörgársveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hörgársveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Spónsgerði, Hörgársveit, efnistaka. Kynning á efnistöku til steypugerðar og fyllingar. Hjörtur Narfason, mars 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Hörgársveit með tölvubréfi dags. 10. júlí og 24. ágúst 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með tölvupósti dags. 6. júlí 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. júlí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. júní 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 28. júní, 30. júlí og 27. ágúst 2018.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að efnistaka hafi verið í landi Spónsgerðis í Hörgársveit um árabíl. Áætlað er að raskað land vegna efnistökkunnar sé um 3 ha og efnismagnið sem búið er að taka sé um 80.000m<sup>3</sup>. Náman í Spónsgerði er sunnan við Þjóðveg 815 og norðan Hörgár. Efnið er tekið úr gömlu túni, sem ræktað var upp á áreyrunum fyrir a.m.k. 50 árum síðan. Efnið í námunni er mól úr gömlum malarhjöllum eða óshólmum og hafi mest verið notað sem fyllingarefni í grunna og götur en einnig verið unnið og flokkað á staðnum og selt til ýmissa nota. Með efnistökkunni sé verið að fullvinna efni á því svæði sem náman nái nú þegar yfir og búið sé að raska, auk 1,7 hektara svæðis til viðbótar til norðurs. Gert sé ráð fyrir að um 74.000 m<sup>3</sup> af efni verði unnir úr námunni á næstu 10 árum. Reiknað sé með að vinna allt efni sem sé innan þessa svæðis, að jafnaði niður á um 5 metra dýpi. Með framkvæmdinni sé verið að mæta efnispörf á þessu svæði í dag og til framtíðar. Markmiðið sé að efnistakan fari fram í sem mestri sátt við umhverfið. Aðkoma að námunni sé frá Þjóðvegi 82 (Ólafsfjarðarvegi). Ný heimreið verði gerð og er það gert í samráði við landeiganda og Vegagerðina.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Gróður

Fram kemur mólendi sé víðáttumikið í Eyjafirði, og melar á svæðinu almennt vel grónir og óvíða uppblástur. Fágætari plöntur sé að finna á eyfirkum melum en melum annars staðar á landinu. Framvinda gróðursamfélaga sé hröð í Eyjafirði, t.d. sé gróðurlendi tiltölulega fljótt að jafna sig við beitarfriðun. Þar sem efnistakan raski annars vegar ræktuðu landi og hins vegar algengum gróðursamfélögum og gróðurframvinda er hröð í Eyjafirði vegna hagstæðra skilyrða, er að mati framkvæmdaaðila ekki talið að framkvæmdin hafi veruleg áhrif á gróður.

### Ásýnd

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á nauðsyn þess að ganga frá eldra svæði eins og ráðgert sé og reyna eins og kostur er að ganga jafn óðum frá svæðum í nýrri námu þar sem það er mögulegt. Kanna ætti hvort mögulegt sé að hefja efnistöku vestast á nýju svæði og vinna námuna í átt að þjóðvegi og reyna með því móti að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar.

Í svörum HGH verks kemur fram að nýja námusvæðið verði unnið á annan máta en áður og frágangur unnin jöfnum höndum þannig að sár í landinu sé sem minnst. Byrjað verði vestast og unnið í austur og norður. Ekki verði moldarhaugar meðfram þjóðveginum eins og hafi verið. Þegar ýtt verði ofan af verði það efni notað til að ganga frá svæði sem búið sé að taka efni úr.

### Landnotkun

Fram kemur að svæðið sem raskist við efnistökkuna sé annars vegar ræktað land, sem áður hafi verið nýtt sem tún og hins vegar óræktað svæði, melur og móar. Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns sem og fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar eru á náttúruminjaskrá. Áætluð efnistaka er ráðgerð utan svæðanna hefur því væntanlega engin áhrif á svæði á náttúruminjaskrá.

Í umsögn Hörgársveitar kemur fram að í aðalskipulagi sveitarfélagsins sé lögð áhersla á að efnistökusvæðum verði ekki fjölgað frá því sem nú er. Reikna megji með því að áhrif efnistökkunnar muni standa þann tíma sem náman er í rekstri. Haga beri nýtingu jarðefna þannig að hvorki verði spillt náttúruminum né gerðar séu óæskilegar breytingar á landslagi.

Í svörum HGH kemur fram að ekki sé um nýja námu að ræða. Þarna sé búið að taka efni síðan 1931 aðallega af Vegagerðinni í þjóðveg á árunum 1978 og 9. Í greinargerð Hörgársveitar vegna Aðalskipulags 2012-2024 sé Spónsgerði þar inni sem framtíðarnámusvæði. Vegagerðin hafi margsinnis óskað eftir því að lækka Spónsgerðishólinn þar sem mikill snjór safnist á veginn austan við hólinn. Það efnismagn sem sótt sé um að vinna í Spónsgerði sé til næstu 10 ára. Ekki verði opnað stærra svæði, til efnistöku, en þörf sé á hverju sinni og frágangur unnin jafn óðum eins og hægt er. Þegar efnistöku ljúki á svæðinu verði þar ræktað tún líkt og verið hafi. Núverandi tún brenni alltaf norðan megin á svæðinu þar sem jarðvegurinn sé þunnur ofan á mölinni. Í lok tímabilsins verði ásýnd svæðisins áþekkt því sem hafi verið nema að túnin verða ekki í sömu hæð og áður.

Í frekari umsögn Hörgársveitar kemur fram að í ljósi nýrra upplýsinga sé ekki talin þörf á umhverfismati. Áður en komi til útgáfu framkvæmdaleyfis skuli umsækjandi hafa gengið frá núverandi námu með að jafna mold yfir svæðið og sá í það. Einnig skuli umsækjandi leggja fram afstöðumynd í mælikvarða 1:2000 þar sem gerð sé grein fyrir áfangaskiptingu svæðis, veltengingu við þjóðveg, staðsetningu vinnubúða og fleira sem þýðingu kann að hafa vegna framkvæmdar. Einnig skuli framkvæmdaraðili leggja fram ítarlega framkvæmdaráætlun og frágangaráætlun, sbr. 7. grein reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Í svörum HGH kemur fram að umbeðin gögn verði lögð fram þegar sótt verði um framkvæmdaleyfi.



## Jarðmyndanir og landslag

Fram kemur að reynslan sýni að á svæðinu sé mikið af hentugu efni, m.a. fyllingarefni og efni unnið á staðnum til ýmissa nota, svo sem eins og í steypuframléiðslu, burðarlög og dren. Berggrunnur og jarðlög á þessu svæði séu um 9-10 milljón ára gömul. Langflest hraunin séu úr basalti, misþykk en oftast á bilinu 5-15 metrar. Inn á milli hraunlaganna megi finna setlög sem í flestum tilfellum eru frekar þunn, en þykk setlög finnast á stöku stað. Jökjar ísaldar hafi verið mikilvirkastir við að mynda og móta landslag í nágrenni framkvæmdasvæðisins og þeir hafi lagst yfir eldra landslag frá lokum tertíer sem þeir hafi mótað. Dalbotn Hörgárdals sé þakinn áreyrum og hafi Hörgá flæmst um eyrarnar og grafið sér nýja farvegi eftir því sem þeir gömlu fylltust. Landslag í nágrenni framkvæmdasvæðisins hafi mótast á löngum tíma og sé því af mismunandi aldri. Láglandið sé sorfið og mótað af jöklum úr Hörgárdal eða Eyjafirði, en þykkur framburður sem tengist þeim hylur það, svo hvergi sést í fast berg. Framkvæmdasvæðið sé nokkuð áberandi frá veginum. Landslag á framkvæmdasvæðinu beri sterk einkenni af landbúnaði.

## Menningarminjar

Fram kemur að fornleifaskráning hafi verið gerð fyrir allt sveitarfélagið. Fyrirhuguð efnistaka ógni ekki fornminjum í landi Spónsgerðis. Ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, muni framkvæmdaraðili hafa samráð við minjavörð Norðurlands eystra um aðgerðir.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fornleifaskráningin sé komin til ára sinna en í skráningunni sem sé frá því fyrir síðustu aldamót hafi engar fornminjar verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Sáralitlar líkur séu á að fornleifar leynist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Verði þeirra vart beri að stöðva framkvæmdir og gera Minjastofnun viðvart.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Í Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012 – 2024 er gert ráð fyrir 50.000 m<sup>3</sup> efnistöku í Spónsgerði. Efnistakan er því ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag Hörgársveitar. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hörgársveitar og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða allt að 74.000 m<sup>3</sup> efnistöku á 1,7 ha svæði í landi Spónsgerðis í Hörgársveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, nýtingu náttúruauðlinda, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð efnistaka er lítil að umfangi. Þrátt fyrir óhjákvæmilega, varanlega og óafturkræfa röskun á jarðmyndunum gengur hún ekki á verðmætar náttúruauðlindir. Mengunarhætta frá reglubundinni starfsemi er hverfandi. Náman er útvíkkun á svæði sem hefur verið notað til efnistöku í áraraðir. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af eðli framkvæmdar ekki ástæðu til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.



### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einnig taka mið af staðsetningu hennar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með hliðsjón af álagspoli náttúrunnar, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða. Námurekstur hefur verið á svæðinu í áraraðir. Stærstur hluti fyrirhugaðs námasvæðis er tún. Námusvæðið er 1,7 ha að flatarmáli og áhrif námuvinnslunnar eru fyrst og fremst bundin við það svæði. Mikilvægt er að HGH verk standi við áform sín um að ganga frá því svæði þar sem efnistöku er senn að ljúka og að gengið verði frá fullnýttum svæðum jafnharðan. Gangi það eftir telur Skipulagsstofnun staðsetningu framkvæmdar ekki kalla á að fram fari mat á umhverfisáhrifum.

### **Eiginleikar hugsanlegra áhrifa**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem umfangi áhrifa, stærð og fjölbreytileika áhrifa, líkum á áhrifum og afturkræfni þeirra, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við efnistöku í Spónsgerði felast fyrst og fremst í áhrifum á ásýnd. Áhrifin eru bundin við afmarkað svæði, ekki líkleg til að hafa áhrif á marga og eru tímabundin þar sem frágangur verður samhliða efnistöku. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 74.000 m<sup>3</sup> efnistaka á 1,7 ha svæði í landi Spónsgerðis í Hörgársveit, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. október 2018.

Reykjavík, 3. september 2018

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson